

Stjórnarfundur 5. Maí 2021

Teams

Eftirfarandi aðilar sátu fundinn:

- Friðrik Goethe
- Bjarki Þór Kjartansson
- Sigurður Ingi Jónsson
- Guðmundur Tryggvi Ólafsson
- Mörður Ingólfsson

Fastir liðir á framtíðar fundum stjórnar verða umræður um D-leyfis umsóknir, mál félagsmanna okkar hjá/við STÍ og ÍSÍ og einnig mun stjórnin ræða hluti tengda endurbótum á húsnæði þar til framkvæmdum er lokið.

Dagskrá fundarins:

1. Styrkir til félagsmanna vegna keppnishalds utanlands
2. Sumarfrí félagsins
3. Fastir liðir:
 - a. D-Leyfis umsóknir
 - b. Mál félagsmanna hjá STÍ
 - c. Endurbætur á húsnæði
4. Önnur Mál

1. Styrkir til félagsmanna vegna keppnishalds utanlands

Eftir samráð stjórnar félagsins og nokkurra afreksmanna innan félagsins kom það fram að þörf er fyrir því að koma af stað æfingabúðum með þjálfurum utan úr heimi fyrir félagsmenn okkar.

Þessar umráður sátu meðlimir stjórnar auk Jóns Þórs Sigurðssyni, Jóni Inga Kristjánssyni og Bjarka Sigfússyni.

Upphæð styrkja til keppnisferða og umsóknarfrestur styrkja verður ákveðinn með fyrirvara fyrir næsta keppnistímabil.

2. Sumarlokun félagsins

Stefnt á að halda opnu til og með 7. Maí, og stefnt er á að hefja aftur æfingar fyrripart september ef framkvæmdir leyfa.

3. Fastir Liðir

Engar D-Leyfis umsóknir eru í vinnslu eins og er.

Sigurður hélt áfram að óska eftir upplýsingum frá STÍ um þjálfara námskeið sem gætu verið á döfinni og bíður svara frá þeim.

Búið er að samþykka brunateikningar og vonandi alveg að fara að komast í útboð. Búið að fá aðgang að geymslu á meðan framkvæmdir standa yfir. Það hefur verið rætt að endurnýja aðgangsstýringar í félagshúsnæði í leiðinni.

Komið er inn á teikningar skiptiklefa aðstaða inni á salernisaðstöðu.

Stjórn mun kalla eftir því að iðkendur tæmi dótið sitt úr félaginu sem er í aðstöðunni fyrir utan læsta herbergið í júní. Stjórn vinnur að því að skipuleggja vinnudag til þess að hreinsa út búnað.

4. Önnur mál

Stjórn ræddi aðeins leigumál á skápum og hvort það gæti verið gott að útbúa leigusamning fyrir leiguna.

Skotípróttafélag Kópavogs er að senda 3 fulltrúa á Íþróttaping ÍSÍ, en þeir Bjarki Þór Kjartansson, Friðrik Goethe og Sigurður Ingi fara fyrir hönd félagsins á þingið sem haldið er 7 maí.

Hugmynd kom upp á fundinum um að ráða inn tímabundið þjálfara að utan til að aðstoða okkur við að setja upp og þróa þjálfarastarf innan félagsins. Fundargestir tóku vel í þessa tillögu og fannst tillagan passa vel við það sem hefur verið rætt fyrir um að stofna til samstarfs við skotfélög erlendis.

Frestur til skila Starfsskýrslu í gegnum Felix er til 10 maí.